



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**1. Nýir leikskólar – opnun**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 255.469 þ.kr. vegna opunar á nýjum leikskólum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-255.469
SFS	xxx	Opnun nýrra leikskóla	Til	255.469
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir aukinni fjárheimild til að standa straum af rekstrarkostnaði fjögurra nýrra leikskóla. Um er að ræða ungbarnaleikskóla við Bríetartún og þrjár ævintýraborgir þ.e. við Eggertsgötu, Nauthólsveg og Vogabyggð. Framangreindir leikskólar hafa annað hvort hafið starfsemi eða munu hefja fulla starfsemi á næstu misserum. Fjárheimildin sem óskað er eftir miðast við áfallinn rekstrarkostnað tímabilið janúar - maí og áætlaðan rekstrarkostnað júní - ágúst. Lagt er til að fjárheimildin verði endurskoðuð í haust þegar leikskólarnir eru komnir í fullan rekstur. Við gerð fjárhagsáætlunar 2022 var fjárheimild vistuð miðlægt til að mæta þessum kostnaði og nú er verið að flytja hana til sviðsins.

2. Hjallastefnan – hönnun og undirbúningur á tímabundnu leiguhúsnæði

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 15.000 þ.kr. vegna hönnunar og fyrstu framkvæmda á tímabundnu leiguhúsnæði að Skógarhlíð 6 fyrir starfsemi Hjallastefnunnar svo húsnæðið hæfi skólastarfi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-15.000
SFS	xxx	Hjallastefnan - hönnun og fyrstu framkvæmdir	Til	15.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað er til samþykkis borgarráðs frá 5. maí 2022, liður 33 mál MSS22040015 um samstarfsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar og viðauka við hana 23. júní 2022 sem felur í sér að Hjallastefnan skuldbindi sig til að gera tímabundinn leigusamning um húsnæði og flytja skólastarf sitt úr núverandi húsnæði við Nauthólsveg. Unnið er að undirbúningi að framtíðarskólahúsnæði en til þess að brúa bilið er nauðsynlegt að leigja annað húsnæði tímabundið að Skógarhlíð fyrir starfseminu. Í húsnæðinu er gert ráð fyrir allri starfsemi sem nú er í leikskólanum Öskju og Barnaskólanum í Reykjavík. Í hönnun þarf að gera uppdrátt að viðkomandi húsnæði og starfseminni og leggja fyrir byggingarfulltrúa, teikna upp flóttaleiðir og gera rýmingaráætlun, yfirfara loftræsikerfi, skoða hljóðvist o.fl. Þegar hönnunartönnu er lokið verður unnt að gera nákvæma kostnaðaráætlun sem tekur mið af öllum kröfum eftirlitsaðila og skilyrðum til undanþágu af hálfu ráðherra. Með þessu fyrirkomulagi getur Hjallastefnan unnið hraðar og markvissar en unnt væri að öðrum kosti. Markmiðið er að með þessu fyrirkomulagi geti skólastarf hafist í viðkomandi leiguhúsnæði í ágústmánuði.

3. Flutningur fjárheimilda á VEL - uppbyggingaráætlun

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	F4399	Sameiginlegt - búsetuúrræði	Frá -24.200
VEL	F2035	Stuðningsþjónusta - Laugardalur og Háaleiti	Til 24.200
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Uppbyggingaráætlun velferðarsviðs gerir ráð fyrir 44 íbúðum vegna sjálfstæðrar búsetu. Rammaúthlutun 2022 var gert ráð fyrir þessum kostnaði inn á kostnaðarstað F4399. Nú er óskað eftir heimild til að flytja fjármagn 24.200 þ.kr. milli þjónustuþátta, af F4399 yfir á F2035. Um er að ræða 11 íbúðir af þeim 44 sem ráð var fyrir gert.

4. Flutningur fjárheimilda á VEL - Heimaþjónusta

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	F2750	Fjölgun notenda í félagsl. heimaþjónustu	Frá -67.732
VEL	F2050	Heimaþjónusta efrabyggð	Til 19.317
VEL	F2030	Heimaþjónusta Háaleiti	Til 19.909
VEL	F2034	Heimaþjónusta kvöld og helgar miðbyggð	Til 3.376
VEL	F2054	Heimaþjónusta kvöld og helgar efrabyggð	Til 8.053
VEL	F2760	Heimaþjónusta kvöld og helgar vesturbyggð	Til 8.692
VEL	F3022	Heimaþjónusta kvöld og helgar Seljahlíð	Til 654
VEL	R2650	Slétturvegur - dagvinna	Til 7.732
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Í rammaúthlutun fyrir árið 2022 fékk velferðarsvið úthlutað aukinni fjárheimild vegna fjölgun notenda í félagslegri heimaþjónustu. Fjárheimild 67.732 þ.kr. var sett á F2750. Nú óskar sviðið eftir heimild til að dreifa fjármagninu eftir þeim þörfum sem skrifstofustjóri heimahjúkrunar hefur lagt til sbr. framangreinda töflu.

5. NPA samningar

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 95.145 þ.kr. vegna breytinga á kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar við Eflingu stéttarfélag. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -95.145
VEL	xxx	NPA samningar	Til 95.145
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum til að standa straum að kostnaði vegna styttingar vinnuviku og kjarabóta umfram það sem þegar hefur verið fjármagnað í ramma sviðsins vegna breytinga á kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar við Eflingu stéttarfélag.

Heildarfjárhæð vegna breytinganna er 95.145 þ.kr. og skiptist þannig að 69.699 þ.kr. eru vegna styttingar vinnuviku og 25.446 þ.kr. vegna kjarabóta umfram fjárheimildir í ramma.

Rétt er að taka fram að kjarasamningur NPA miðstöðvarinnar við Eflingu gerir ráð fyrir styttingu vinnuvikunnar um 4 klukkustundir. Það er mat skrifstofu kjaramála að ekki sé hægt að vísa til þess að sá kostnaðarauki sem fellur til vegna sérsamnings NPA miðstöðvarinnar við Eflingu undir formerkjum styttingar vinnuvikunnar, sé sambærilegur verkefninu betri vinnutíma í vaktavinnu sem Reykjavíkurborg er aðili að. Í því verkefni var um að ræða umfangsmiklar breytingar á vinnufyrirkomulagi og launamyndunarferli, t.a.m. með tilkomu vaktahvata auk þess sem sérstakar greiðslur vegna matar- og kaffitíma (25 mín/vakt) voru feldar niður. Samningar Reykjavíkurborgar við NPA miðstöðina falla úr gildi í lok desember 2022 og þá væri gott tækifæri til að endurskoða samningssambandið og undirliggjandi samninga.

6. Fjölsmiðjan þjónustusamningur

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 6.555 þ.kr. vegna þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-6.555
VEL	xxx	Fjölsmiðjan	Til	6.555
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur ekki farið fram.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 28. apríl 2022 liður 26, mál MSS22040213, viðauki við þjónustusamning við Fjölsmiðjuna. Kostnaður Reykjavíkurborgar nemur 6.555 þ.kr. á ári árin 2022, 2023 og 2024. Kostnaðurinn verður fjármagnaður af kostnaðarstaðnum 09205, ófyrirséð, fyrir árið 2022, en fer inn í fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 og 2024.

7. Flutningur fjárheimilda milli sviða – rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar

Lagt er til að fjárheimildir sem nýttar verða til rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar, 9.218 þ.kr. færast til skóla- og frístundasviðs frá annars vegar mannréttindaskrifstofu og hins vegar af kostn.st. 09510 styrkir og ýmis framlög.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
MAR	01271	Mannréttindaskrifstofa	Frá	-6.218
ÖNN	09510	Styrkir og ýmis framlög (ÖNN)	Frá	-3.000
SFS	xxx	Rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar	Til	9.218
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Óskað er eftir að flytja fjárheimildir sbr. töflu að framan þar sem skóla- og frístundasvið tók við rekstri hinsegin félagsmiðstöðvar frá síðustu áramótum.

8. Tilfærsla á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar hjá A-hluta

Lagt er til að laun og launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði í A-hluta verði breytt eins og lýst er í töflu. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falin útfærsla á breytingum.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
A-hluti	xxx	Laun og launatengd gjöld	Frá	-625.630
A-hluti	xxx	Annar rekstrarkostnaður	Til	625.630
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Breytingin er gerð til að eignfærðum kostnaði sé skipt upp í réttu hlutfalli við laun og annan rekstrarkostnað. Er þetta til samræmis við ábendingar endurskoðenda við ársuppgjör 2021.

9. Gjørningahátíð

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 3.900 þ.kr. vegna Gjørningahátíðar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -3.900
MOF	xxx	Listasafn Reykjavíkur - Gjørninghátíð	Til 3.900
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða viðspyrnuáðgerðir vegna Covid-19.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar í borgarráði 30. apríl 2020, R20030003, Áðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Áðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi. Meðal áætlaðra verkefna var Gjørningahátíð hjá Listasafni Reykjavíkur, sem vegna Covid-19 hefur þurft að fresta þrisvar sinnum þrátt fyrir að undirbúningur hafi verið vel á veg komin. Óskað er eftir að endurnýja heimild vegna hátíðarinnar en Gjørningahátíðin var haldin um leið og Vetrarhátíð i febrúar 2022.

Einar Þorsteinsson
formaður borgarráðs